

Mannlífis og menningarbaráttan er yrkisefni Þorsteins, og náðarmeðolin eru ekki sakramenti og postillulestur, föstur og bænahald, auðmýkt og undirgefni, heldur mannskapur, frelsi, réttlæti og sannleikur. Að hinu gjörir hann gaman. Mannskapurinn fyrist, og þess vegna leggur hann svo ríkt á, að fá breytt dómgildi „Lýðsiðfræðinnar.“

Sem jafnréttismaður ræðst hann á stéttamuninn, kyrkjugann, þursagjafir, fátækralög, en í nafni frelsis og sannleika, á flæður, siðgæði og trú bygð á þrælsóttu, falsspár, sjónhverfingar og heimsku. „Lýðsiðfræðin“ segir, „betri er þrælsótti en enginn ótti“, Þorsteinn segir, „sannleikann fyrr sannleikans skuld.“

Allflest af þessu beitir hann háði, enda hæðir hann allra manna bezt. Háðið er arfur vor Íslendinga frá feðrunum, og það nær sinni fullkomnum hjá Þorsteini, sinni engilmynnd og gudadadýrð. Sem dæmi úr „Steinddepilsljóðum“:

„Eg sá stórkáldið lesa sín ljóð—
eins og ljómandi hani það stóð.
Það var hljóð, það var hljóð,
og það hvarf eins og hljóð,
og þau hrifu ekki in ágætu ljóð.“

Eða þá stéttamuninn í „Vestmenn“, „Ljónið gamla“ og „Jörundur.“

„Eg hæði ekki drottinn þitt veglega verk,
en vel gat það orðið til meins,
að valdsmann og böðul og kotung og klérk
og kónginn þú skapaðir eins;
því ef að úr buxunum fógetinn fer
og frakkanum svolutla stund,
þá má ekki greina hver maðurinn er.—
Ó, mikið er skraddarans pund!“

Tómleika kongatilbeiðslunnar hefir enginn lýst jafn snildarlega.

„Svo lagði hann þar af sér sinn kónglega kjól,
og kvenfólkisá inn um gat,
að öðling var horfinn en eftir á slól
þar óbreyttur Jörundur sat.“

Þá fær þrælsóttinn sitt, og eru það helzt Nesjamenn, sem